



Haustþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra 2026

Norðurlandi eystra, 3. júlí 2026

Stjórn SSNE boðar hér með til haustþings SSNE miðvikudaginn 9. september næstkomandi. Þingið verður haldið í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík og verður sett kl. 11:30 og mun formlegri dagskrá ljúka kl. 17:00.

Dagskrá þingsins birt með fyrirvara um breytingar:

- Kl. 11:30 **Þingsetning**
Heimir Örn Árnason, formaður SSNE
Kosning fundarstjóra og fundarritara
Kosning kjörnefndar
- Kl. 11:45 **Skýrslur um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar**
Skýrsla um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar 2026
Starfsáætlun fyrir árið 2027 lögð fram til kynningar
- Kl. 12:00 **Mál til afgreiðslu**
Tillögur um breytingar á fjárhagsáætlun SSNE fyrir árin 2025 til 2028.
Ályktanir sem stjórn eða aðildarsveitarfélög vilja bera upp (Athugið - tillögur skulu sendar stjórn a.m.k. tveimur vikum fyrir þing).
Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.
- Kl. 12:15 **Hlé**
- Kl. 13:00 **Almenn kynning á starfsemi SSNE**
- Kl. 14:00 **Ávörp gesta**
Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar, og háskólaráðuneytið og fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis.
Leifur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.
- Kl. 14:40 **Vinnustofa: Mætum undirbúin til Landspings Sambands íslenskra sveitarfélaga: Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga.**
- Kl. 17:00 **Þingslit**

Móttaka og kvöldskemmtun hefst við lok þingstarfa.

Sveitarfélögin eru hvött til að gera öllum þeim sveitarstjórnarfulltrúum sem áhuga hafa á að



sækja þingið kleift að gera það þar sem um er að ræða fyrsta þing SSNE eftir sveitarstjórnarkosningar.